

UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Þórhámi, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701
Heimasiða: www.umbodsmadur.is

Ísafjarðarbær
MÓTTÉKID

4. jan. 2018

Atta. 2018-01-0017

Mál nr. 9164/2016

Reykjavík, 29. desember 2017

Ísafjarðarbær
Stjórnásluhúsinu
400 Ísafirði

I

Umboðsmaður Alþingis hefur að undanfördnu haft húsnæðisvanda utan-
garðsfólks í Reykjavík til athugunar að eigin frumkvæði í framhaldi af
umfjöllun um kvartanir og ábendingar sem honum bárust. Í athuguninni
hefur sérstaklega verið hugað að möguleikum þeirra sem eiga við áfengis-
og/eða vímuefnavanda að stríða til að fá úrlausn á húsnæðisleysi sínu
með aðstoð Reykjavíkurborgar.

Til stóð að ljúka athuguninni fyrir árslok en í ljósi fréttar sem
birtust í fjölmöglum um að velferðarráð hefði ákveðið að auka stuðning
við utangarðsfólk, m.a. með fjölgun búsetuúrræða fyrir fólk í jaðarstöðu
og fjölgun starfsmanna í vettvangs- og ráðgjafarteymi, ákvað umboðsmaður
að bíða með birtingu á niðurstöðu athugunar sinnar þar til honum hafa
borist greinarbetri upplýsingar um fyrirhugaðar aðgerðir Reykjavíkurborgar
vegna húsnæðisvanda utangarðsfólks og unnt verður að leggja mat
á þýðingu þeirra fyrir stöðu þessara mála.

Meðal þess sem komið hefur fram við athugun umboðsmanns er að það
hefur komið í hlut Reykjavíkurborgar umfram önnur sveitarfélög að takast
á við málefni húsnæðislausra. Umboðsmaður hefur við athugun sína stuðst
við skilgreinið félagsmálaráðuneytisins frá árinu 2005 um hverjir
teljist heimilislausir en hún er svohljóðandi:

„Húsnæðislaus er sá sem ekki hefur aðgang að hefðbundnu hús-
næði, hann hefur ekki húskkjóli að staðaldri á sama stað og qistir
þar sem kostur er hverja nótt, þar með talið í gistiskýli, á
gistihemili eða inni á öðru fólk. Þeir sem koma úr timabundnu
húskkjóli, svo sem úr fangelsi eða úr vímuefnaðferð, eiga sögu
um margháttáða húsnæðis- og félagslega erfiðleika og eiga ekki
tryggt húskkjóli einum til tveimur mánuðum áður en þeir fara úr
hinum timabundna húsnæði, eru taldir hér með.“ (Félagsmálaráðu-
neytið: „Skýrsla samráðshóps um heimilislaus. Aðstaður húsnæðis-
lausra í Reykjavík og tillögur til úrbóta.“ Reykjavík, 2005.)

Athugun umboðsmanns hefur eins og áður segir einkum beinst að
Reykjavíkurborg en þau atriði sem varða lagalega stöðu þessara mála og
skyldur sveitarfélaga í þessum efnunum kunna að eiga almennt við um

sveitarfélögin í landinu. Við athugun málsins kom m.a. fram að hluti þeirra einstaklinga sem hafa verið húsnæðislausir í Reykjavík síðustu misseri og hafa leitað í úrræði þar eiga lögheimili og/eða höfðu áður dvalið í öðrum sveitarfélögum en Reykjavík. Í umfjöllum fjölmöðla hefur jafnframt komið fram að þessir einstaklingar hafi farið til Reykjavíkur m.a. vegna skorts á viðeigandi úrræðum í þeim sveitarfélögum sem þeir eiga lögheimili eða hafa dvalið. Í ljósi þessara upplýsinga hefur umboðsmaður ákveðið að óska eftir neðangreindum upplýsingum frá 15 fjölmennstu sveitarfélögum fyrir utan Reykjavík.

II

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, er markmið félagsþjónustunnar að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar. Með félagsþjónustu í lögunum er átt við þjónustu, aðstoð og ráðgjöf í tengslum við m.a. fjárhagsaðstoð, húsnæðismál og aðstoð við áfengissjúka og vímu-gjafavarnir, sbr. 2., 8. og 9. tölul. 2. gr. sömu laga. Samkvæmt 4. gr. laganna ber sveitarfélag ábyrgð á félagsþjónustu innan sinna marka og skal með skipulagðri félagsþjónustu tryggja framgang markmiða skv. 1. gr. laganna. Í 12. gr. segir enn fremur að sveitarfélög skuli sjá um að veita íbúum þjónustu og aðstoð samkvæmt lögunum og jafnframt tryggja að þeir geti séð fyrir sér og sínum. Aðstoð og þjónusta skuli jöfnum höndum vera til þess fallin að bæta úr vanda og koma í veg fyrir að einstaklingar og fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta ekki ráðið fram úr málum sínum sjálf.

Í XII. kafla laganna er fjallað um húsnæðismál. Í þeim kafla eru lagðar þær opinberu skyldur á sveitarfélögin að annast þau tilvik þegar íbúar geta ekki leyst úr húsnæðisvanda sínum sjálfir. Greint er á milli almennra og sérstakra úrræða fólks í bráðum vanda. Í 45. gr. segir um hin almennu úrræði að sveitarstjórnir skuli, eftir því sem kostur sé og þörf sé á, tryggja framboð af leiguþúsnæði, félagslegu kaupleiguþúsnæði og/eða félagslegum eignaríbúðum handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki séu á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna. Ákvæði um hina beinu skyldu sveitarfélaga til að útfæra verkefnið með því að aðstoða íbúa sína við að leysa úr húsnæðisvanda þeirra er síðan í 46. gr. laganna. Þar segir að félagsmálanefndir skuli sjá til þess að veita þeim fjölskyldum og einstaklingum, sem ekki séu færir um það sjálfir, úrlausn í húsnæðismálum til að leysa úr bráðum vanda á meðan unnið sé að varanlegri lausn.

III

Með vísan til framangreinds er þess óskað, sbr. 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að ísafjarðarbær veiti umboðsmanni upplýsingar um eftirfarandi:

1. Í fyrsta lagi er óskað upplýsinga um þau almennu úrræði, sbr. 45. gr. laga nr. 40/1991, sem standa íbúum sveitarfélagsins til boða, þ.e. fjölda slíkra úrræða, fjölda þeirra sem voru á biðlista 1. desember 2017 og hvaða viðmiðum sé fylgt um möguleika þeirra sem eru í áfengis- og vímuefnaneyslu til á fá úthlutað því húsnæði sem sveitarfélagið hefur yfir að ráða á grundvelli lagagreinarinnar.
2. Þar sem athugun umboðsmanns hefur einkum beinst að bráðum hús-næðisvanda einstaklinga er í öðru lagi sérstaklega óskað eftir upplýsingum um hvort og þá hvaða nánar tilteknu sértaðu úrræði standa íbúum sveitarfélagsins til boða, sbr. 46. gr. laga nr. 40/1991, innan marka þess, hvar þau eru staðsett, fjölda þeirra rýma sem þar eru í boði, hversu margir nýta þau og hversu margir eru á biðlista eftir þeim. Ef slík úrræði standa íbúum sveitarfélagsins ekki til bōða er óskað eftir að sveitarfélagið upplýsi mig um hvernig brugðist er við þegar upp koma slík tilvik og lýsi þá sérstaklega afstöðu sinni til þess hvernig sú lausn samræmist skyldum þess á grundvelli laga nr. 40/1991.
3. Í þriðja lagi er óskað upplýsinga um hvort á vegum sveitarfélagsins sé starfrækt einhvers konar neyðarúrræði, á borð við Gistiskýlið eða Konukot í Reykjavík. Ef svo er þá er jafnframt óskað upplýsinga um fyrirkomulag þess, s.s. þann fjölda einstaklinga sem að jafnaði nýtir neyðarúrræði á vegum sveitarfélagsins til langdvalar og hversu margar nætur viðkomandi einstaklingur/einstaklingar dvöldust í viðkomandi úrræði á árinu 2017. Jafnframt er óskað eftir að fram komi hvort fyrirliggjandi séu upplýsingar um þá sem taldir voru heimilislausir í sveitarfélaginu, í samræmi við áður-nefnda skilgreiningu félagsmálaráðuneytisins, á árunum 2016 og 2017, skipt eftir mánuðum.
4. Loks er óskað upplýsinga um hvort sveitarfélagið hafi sett sér reglur um annars vegar félagslegt húsnæði eða annan húsnæðis-stuðning og hins vegar sértað húsnæðisúrræði, ef slík úrræði eru á annað borð starfrækt innan sveitarfélagsins. Hafi slíkar reglur verið settar er óskað eftir að umboðsmanni verði afhent afrit af þeim.

Þess er óskað að svör við framangreindum fyrirspurnum, og eftir atvikum nánari gögn og upplýsingar sem varpað geta ljósi á málíð, berist umboðsmanni eigi síðar en 31. janúar nk. Þessi frestur tekur mið af því að aðeins er óskað eftir upplýsingum um fyrirliggjandi úrræði, tölulegum upplýsingum og upplýsingum um hvort tilteknar reglur hafi verið settar. Tilgangurinn er fyrst og fremst að gera umboðsmanni kleift að veita í niðurstöðu athugunar sinnar heildstæðara yfirlit um stöðu þessara mála

hjá sveitarfélögunum heldur en unnt er ef tölulegur grunnur upp-lýsinganna nær einungis til Reykjavíkur.

Virðingarfullst,
f.h. umboðsmanns Alþingis

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir
forstöðumaður frumkvæðisathugana